**Sjá leiðbeiningar í rauðu sé sótt um 50% endurgreiðslu**

# Umsókn fyrir endurgreiðslu – útborgun

*Kvikmyndamiðstöð*

## Almennt um umsóknina

Hér er sótt um útborgun á endurgreiðslu framleiðslukostnaðar í samræmi við vilyrði sem gefið var út af endurgreiðslunefnd. Umsóknin þarf að vísa til sama umsækjanda og sama kvikmyndaverks og útgefið vilyrði vísar til. Þeim hluta verkefnis sem sótt var um endurgreiðslu fyrir þarf að vera lokið og fjárhagsuppgjör að liggja fyrir. Útborgun á endurgreiðslu framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar er á grundvelli laga nr. 43/1999 og reglugerðar nr. 450/2017 sem umsækjendur eru hvattir til að kynna sér. Athygli er vakin á að þegar umsækjandi sækir um útborgun geta fjárheimildir ársins verið fullnýttar. Þá er endurgreiðslunefnd heimilt að fresta útborgun til næsta fjárlagaárs.Þegar umsókn hefur verið skilað er móttaka hennar staðfest með sjálfvirkum tölvupósti.Ef umsóknin er talin uppfylla formkröfur mun umsækjandi fá tölvupóst um að umsóknin verði tekin til efnislegrar meðferðar og hvenær vænta má svars.

## Upplýsingar um kvikmynd

Nafn kvikmyndar

Nafn leikstjóra

## Umsækjandi - Fyrirtæki

Framleiðslufyrirtæki

Kennitala

Símanúmer

Heimilisfang

Póstnúmer

Bæjarfélag

Bankaupplýsingar

## Prókúruhafar

Prókúruhafi framleiðslufyrirtækis (sem hefur heimild til að skrifa undir samninga og skuldbindandi yfirlýsingar)

Nafn prókúruhafa

Starfstitill (staða í fyrirtæki)

Tölvupóstfang prókúruhafa

## Tengiliður umsækjanda

Aðili sem fyllir út umsókn fyrir hönd umsækjanda/framleiðanda

Nafn

Kennitala

Staða / titill gagnvart verkefni

Símanúmer

Tölvupóstfang

## Um vilyrðið

Skráið grunnupplýsingar um umsóknina eins og þær lágu fyrir á umsóknardegi og fram kemur í útgefnu vilyrðisbréfi, það er upphaflega fjárhagsáætlun, áætlun um fjárhæð endurgreiðslu og lok framleiðslu.

Heiti kvikmyndar samkvæmt útgefnu vilyrði

Dagsetning úgefins vilyrðis

Áætluð lok framleiðslu samkvæmt umsókn um vilyrði

Áætlaður heildarframleiðslukostnaður skv. umsókn um tvilyrði

Áætluð endurgreiðsla skv. vilyrði

## Staðfesting framleiðslutímabili

Takið saman stutta lýsingu á framgangi viðkomandi framleiðslu, hvaða vinnsluþætti var sótt um endurgreiðslu fyrir og vinnslu þeirra á framleiðslutímanum ásamt lýsingu á umfangi hvers þáttar, tökustöðum og dagsetningum við upphaf og lok þeirra.

Stutt greinargerð um framleiðsluna

Upphafsdagur framleiðslu á Íslandi

Dagsetning áætlaður lokadagur framleiðslu

Áætlaður frumsýningardagur

## Nánar um framleiðslutímabil

Tiltakið dagafjölda við aðalframleiðslu- og eftirvinnslutímabil

Fjöldi tökudaga (aðalframleiðslutímabil)

Aðalframleiðslutímabil hófst

Aðalframleiðslutímabili lauk (áætluð lok)

Fjöldi daga við eftirvinnslu verkefnis (áætlun)

Eftirvinnslutímabil (áætlun)

Eftirvinnslutímabil lýkur (áætlun)

Það er forsenda endurgreiðslu að myndin sé ætluð til almennra sýninga. Vinsamlegast staðfestið hvar og hvernig stendur til að sýna kvikmyndina opinberlega.

Staðfesting á sýningu

Umsækjandi lýsir því yfir að framleiðslu þeirra verkþátta sem sótt er um endurgreiðslu fyrir og hvers kostnaður er skráður í kostnaðaruppgjör sem fylgir umsókninni sé að fullu lokið og viðkomandi framleiðsla sé fullbúin miðað við þá framleiðsluáætlun sem lögð var fram á umsóknardegi.

Staðfesting:

Nánari skýring ef þörf er á

## Staðfesting á fjármögnun

Leggið fram sundurliðun á endanlegri fjármögnun verkefnisins

Sundurliðun endanlegrar fjármögnunar verkefnis

Hver var endanleg skipting fjármögnunar milli innlendra og erlendra aðila

Innlend fjármögnun

Erlend fjármögnun

## Kostnaðaruppgjör

Umsókn um 50% útborgun endurgreiðslu skal fylgja sundurliðað yfirlit yfir fyrirliggjandi framleiðslukostnað verkefnis, þar sem fyrirliggjandi kostnaður eru borinn saman við kostnaðaráætlun sem lögð var fram við útgáfu vilyrðis vegna verkefnisins. Staðfesta þarf að minnsta kosti 50% af áætluðum endanlegum kostnaði.
Sé verulegur munur á kostnaðaráætlun og kostnaðaruppgjöri skal greinargerð fylgja umsókn þar sem ástæður frávika eru skýrð. Verulegur mismunur telst vera á þeim liðum þar sem endanlegar fjárhæðir víkja meira en 20% frá framlagðri áætlun.
Kostnaðaruppgjör sem lagt er fram með umsóknargögnum skal staðfest af stjórn og framkvæmdastjóra með áritun. Nemi reiknuð endurgreiðsla hærri fjárhæð en 3 m.kr. skal kostnaðaruppgjör einnig staðfest af löggiltum endurskoðanda. Mælst er til að endurskoðandi skili yfirlýsingu um staðfestingu kostnaðaruppgjörs á forsniðsskjali með umsóknargögnum, til útlistunar á hvaða staðfestingar-/endurskoðunaragðerðir voru viðhafðar. Form fyrir yfirlýsingu endurskoðanda má finna hérna.

Raunkostnaður sem sótt er um endurgreiðslu vegna

Staðfest kostnaðaruppgjör

Yfirlýsing endurskoðanda- staðfesting kostnaðaruppbjörs

Greinargerð vegna frávika ef við á

Hreyfingayfirlit kostnaðaruppgjörsLátið fylgja viðhengi (á pdf- eða xls-formi) úr skráningarkerfi bókhalds verkefnis sem sýnir hreyfingar að baki niðurstöðutölum kostnaðaruppgjörs þar sem summa bókhaldshreyfinga stemmir við stofn til endurgreiðslu. Ef ástæða er til er heimilt að leggja fram greinargerð til nánari útlistunar á hvaða upplýsingar búa að baki stofnfjárhæð til útreiknings endurgreiðslu.

Hreyfingalisti

Greinargerð - nánari útlistun um kostnað og uppgjör

## Opinberir styrkir til framleiðslunnar

Styrkir til verkefnisins frá Kvikmyndasjóði (greitt fram að umsóknardegi – yfirlit þarf að fylgja með)

## Aðrir opinberir styrkir til framleiðslunnar

Greinið frá öðrum opinberum styrkjum sem veittir hafa verið til verkefnisins (greitt fram að umsóknardegi – yfirlit þarf að fylgja með)

Fjárhæð

## Yfirlit launa- og verktakakostnaðar

Ef rekstrarkostnaður vegna launa- og verktakagreiðslna á að mynda stofn til endurgreiðslu framleiðslukostnaðar er það skilyrði sett að hann sé sannanlega skattlagður hér á landi. Þess er óskað að upplýsingar um launa- og verktakagreiðslur séu tilteknar sérstaklega.Með launakostnaði er eingöngu vísað til launa sem staðið hefur verið skil á staðgreiðslu af og gefinn verður upp á launamiðum í árlegum skilum til ríkisskattstjóra. Með fjárhæð við vinnu verktaka er einvörðungu vísað til kostnaðar sem gefinn verður upp á verktakamiðum til ríkisskattstjóra.

Fjárhæð launakostnaðar við viðkomandi framleiðslu Fjárhæð

aðkeyptrar verktakavinnu

## Yfirlit rekstrarkostnaðar eftir upprunalandi

Kostnaður getur einvörðungu myndað stofn til útreiknings endurgreiðslu hafi hann fallið til hér á landi. Sé það skilyrði uppfyllt að meira en 80% heildarframleiðslukostnaðar kvikmyndar hafi fallið til hérlendis er heimilt að nýta kostnað sem féll til á EES-svæðinu sem stofn til endurgreiðslu.

Sótt er um að kostnaður sem féll til á EES svæðinu verði hluti stofns til endurgreiðslu

Ef svar er nei, má halda áfram á 5. hluta umsóknar.

Með kostnaði sem fellur til hérlendis er átt við kostnað þar sem útgefinn reikningur vegna þjónustunnar er frá innlendu fyrirtæki/þjónustuveitanda og myndar þannig hluta af innlendu skattaumhverfi og hafi verið skattlagður hérlendis í samhengi reglna um virðisauka- og fyrirtækjaskatta.

Fjárhæð framleiðslukostnaðar sem féll til á Íslandi Fjárhæð

framleiðslukostnaðar sem féll til erlendis

Þar af framleiðslukostnaður sem féll til innan ríkja EES

Sótt er um endurgreiðslu allt að 20% af heildarframleiðslukostnaði verkefnis sem féll til í löndum EES, með vísan til þess að meira en 80% framleiðslukostnaðar féll til hérlendis.

Sundurliðun kostnaðar eftir þeim löndum sem hann féll til í

Stutt greinargerð um skiptingu kostnaðar og vinnsluþátta verkefnis milli landa

## Samantekt útreiknings endurgreiðslu

Staðfestur framleiðslukostnaður fram að umsóknardegi kr.

Staðfestur framleiðslukostnaður sem féll til hérlendis fram að umsóknardegi kr.

Staðfestur framleiðslukostnaður sem féll til á EES svæðinu (utan Íslands) fram að umsóknardegi kr.

| | |
|---|---|
| Liðir til frádráttar frá stofni til endurgreiðslu (t.d. ríkisstyrkir eða gjöld utan EES) fram að umsóknardegi | kr. |
| Stofn til útreiknings endurgreiðslu | kr. |
| Hlutfall endurgreiðslu | % |
| Reiknuð fjárhæð endurgreiðslu | kr. |

## Aðrar upplýsingar

Hér á eftir er óskað frekari upplýsinga um áhrif hins styrkta verkefnis á útgjöld eftir landshlutum og atvinnusköpun eftir kyni.
Þess er farið á leit við styrkþega að meta þessa þætti eftir bestu getu til að auðvelda mat á áhrifum styrkveitingar, en svör við þessum spurningum eru ekki forsenda ákvörðunar um að styrkveitingu, heldur eru upplýsingar notaðar til greiningar og mats á samfélagslegum áhrifum endurgreiðslukerfis.

Hver voru kynjahlutföll í þeim störfum sem verkefnið skapaði? Vinsamlegast skráið hlutföll eftir því sem á við upp að 100%

| | |
|---|---|
| Hlutfall starfa sem karlar sinna | 0 % |
| Hlutfall starfa sem konur sinna | 0 % |
| Hlutfall starfa sem önnur kyn sinna | 0 % |

Hver var skipting kostnaðar milli landshluta (gróflega metið)? Vinsamlegast skráið hlutföll eftir því sem á við upp að 100%

| | |
|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 0 % |
| Reykjanes | 0 % |
| Vesturland | 0 % |
| Vestfirðir | 0 % |
| Norðurland vestra | 0 % |
| Norðurland eystra | 0 % |
| Austurland | 0 % |
| Suðurland | 0 % |
| Erlendis | 0 % |

## Staðfesting

Umsækjandi lýsir því yfir að skráning bókhalds vegna myndar sem sótt er um endurgreiðslu fyrir var í samræmi við lög um bókhald og ársreikninga og kostnaðaruppgjör verkefnisins er sérgreint þannig að það tiltekur einvörðungu kostnað sem féll til vegna viðkomandi verkefnis. Jafnframt að stofn til endurgreiðslu sem gefinn er upp innifelur einvörðungu kostnað sem fellur til hérlendis (eða innan EES ef 80% heildarkostnaðar fellur til hérlendis) og heimilt er að draga frá tekjum í skilningi skattalaga. Eins að framleiðslu þess verkefnis sem sótt er um endurgreiðslu fyrir sé að fullu lokið og engir vangoldnir skattar eða önnur gjöld séu til staðar vegna framleiðslunnar.

| | |
|---|---|
| Staðfest af umsækjanda | |
| Staðfesting tollstjóra á að sýna fram á að ekki sé til staðar skuld við innheimtumann ríkissjóðs á umsóknardegi | |

Umsækjandi lýsir því yfir að umsækjandi á ekki í fjárhagsvanda í skilningi atriða sem sett eru fram í 8. gr. reglugerðar 450/2017 og íslenska ríkið á ekki útistandandi endurgreiðslukröfu á umsækjanda vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar

Staðfest af umsækjanda

Staðfesting árituð af stjórn umsækjanda og framkvæmdastjóra um að kostnaðaruppgjör sé unnið í samræmi við ákvæði laga nr 43/1999 og reglugerða settra á grunni þeirra. Nemi reiknuð endurgreiðsla hærri fjárhæð en 3 m.kr. skal staðfesting einnig undirrituð af löggiltum endurskoðanda.

Árituð staðfesting

Allar aðrar upplýsingar sem skipta máli.

Aðrar upplýsingar

Með því að senda umsóknina staðfestir umsækjandi að allar upplýsingar sem settar eru fram í henni séu réttar og áreiðanlegar.Umsækjandi lýsir því yfir að verkefnið falli að markmiðum laganna og stríði ekki gegn ákvæðum hegningarlaga.

Umsækjandi staðfestir að allar upplýsingar séu réttar